

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa loftslags og náttúru
steinar.kaldal@urn.is

Reykjavík, 20. ágúst 2025

Efni: Umsögn Samorku um drög að stefnu um líffræðilega fjölbreytni, mál í samráðsgátt nr. 106/2025

1. Inngangur

Samorka fagnar því að sett sé fram stefna og markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni til ársins 2030. Skýr framtíðarsýn og markviss aðgerðaáætlun á þessu sviði er mikilvægur þáttur í að tryggja sjálfbæra þróun og samræma hagsmuni náttúruverndar og samfélags.

Samorka telur þó brýnt að árétta nokkur atriði sem snerta bæði samráð, samhengi við loftslagsmarkmið og hlutverk grænnar orkuöflunar við að ná settum markmiðum.

2. Samráð við atvinnulífið, orku- og veitufyrirtæki

Í stefnunni birtist glögg mikilvægi víðtækrar samvinnu og samráðs við hagsmunaaðila, fyrirtæki og samfélagið í heild. Samorka tekur undir þau sjónarmið og þar á meðal þá áherslu sem birtist í leiðarljósi E – Líffræðileg fjölbreytni fyrir samfélagið en þar segir um lið E1: **Þáttur atvinnulífsins**. Að atvinnulífið meti á skipulagðan hátt áhrif sinnar starfsemi á lífríki og náttúru á Íslandi sem og í alþjóðlegu samhengi og stuðli að nauðsynlegum breytingum í þágu líffræðilegrar fjölbreytni.

Í ljósi þess að orkuöflun, orkuskipti og rekstur veitna tengjast beint bæði náttúruvernd og loftslagsmálum hefði verið eðlilegt að Samorka og önnur atvinnugreinasamtök fengju aðkomu strax á undirbúningsstigi. Slíkt hefði tryggt betri heildarsýn og raunhæfari útfærslu markmiða. Að öðru leyti vísast hér til umsagnar Samtaka atvinnulífsins.

3. Kolefnishlutleysi sem lykilforsenda líffræðilegrar fjölbreytni

Í inngangskafli stefnunnar kemur fram að Ísland þurfi að leggja sitt af mörkum til að vinna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þurfi til þess fjölbreyttar aðgerðir. Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er þar lykilskref, sem verður ekki náð öðru vísi en að Ísland verði kolefnishlutlaust og leggi sitt að mörkum við kolefnishlutleysi jarðar.

Í stefnunni sjálfri er áréttað að loftslagsbreytingar eru meðal helstu ógna við líffræðilega fjölbreytni. Þetta styður við þá afstöðu Samorku að markmið um kolefnishlutleysi séu órjúfanlega tengd vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Samorka leggur áherslu á að markmiðum um kolefnishlutleysi verður ekki náð nema með nýtingu þeirra endurnýjanlegu orkukosta sem Ísland býr yfir.

- Vatnsafl og jarðvarmi eru burðarásar orkukerfisins.
- Vindorka og aðrir vistvænir kostir eru mikilvægar viðbætur og koma til með að verða ein af grunnstoðum orkuöflunar á Íslandi.

Ísland hefur einstaka möguleika til að framleiða sjálfbæra orku og styðja þannig við orkuskipti í samgöngum, iðnaði og samfélaginu öllu. Markmið um kolefnishlutleysi eru ekki aðeins í þágu loftslagsins heldur einnig líffræðilegrar fjölbreytni, þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er ein stærsta ógnin við líffræðilegan fjölbreytileika, lífríki jarðar og náttúruna.

Þessi áhersla birtist ágætlega í leiðarljósi C4 **Aðrar auðlindir**: Orka, vatn og efni. Að árið 2030 verði orkunýting, vatnsnýting og efnistaka á Íslandi sjálfbær og að hún taki tillit til líffræðilegrar fjölbreytni, þar sem segir m.a. „Með því að virkja vatnsafl og jarðhita til orkuöflunar hefur okkur tekist að reiða okkur mun minna á jarðefnaeldsneyti en flestar þjóðir. Einnig eru tækifæri til að nýta vindorku á Íslandi og mörg slík áform hafa verið í skoðun þó að engin stór vindorkuver séu risin enn.“

Samorka tekur undir framangreind sjónarmið en telur að skýrari áherslu mætti leggja á mikilvægi grænnar orkuöflunar fyrir íslenskt samfélag til að ná þessum markmiðum. Samorka hefur ítrekað bent á að þörf er á allt að tvöföldun í grænni orkuframleiðslu eigi að ná markmiðum um kolefnishlutleysi og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

Samorka telur að markmið um aukna orkuöflun ætti að birtast skýrar í kafla C4 þar sem settar eru fram tillögur að markmiðum fyrir Ísland í þessum efnum.

Samorka bendir á að í stefnu Evrópusambandsins, einkum í tilskipun um endurnýjanlega orku (RED III), er skýrt tekið fram að græn orkuöflun teljist til brýnna almannahagsmuna. Þar er einnig áréttað að þar til kolefnishlutleysi hefur verið náð skulu hagsmunir af orkuskiptum og grænni orku hafa forgang fram yfir aðra hagsmuni.

Þetta sjónarmið er afar mikilvægt og í samræmi við fyrri umsagnir Samorku, þar sem ítrekað hefur verið bent á að án virkrar orkuöflunar verði hvorki loftslagsmarkmiðum né markmiðum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni náð.

Betur færi á því í stefnunni ef skýrari áhersla væri á að græn orkuöflun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni séu markmið sem fari almennt saman.

4. Lokaorð

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og lýsir yfir vilja til að taka virkan þátt í áframhaldandi vinnu um mótun stefnu um líffræðilega fjölbreytni.

Ítrekað er mikilvægi þess að eiga samráð við lykilaðila atvinnulífsins og orku- og veitugeirans. Þá væri til bóta að skýrt kæmi fram í stefnunni að auki endurnýjanleg orkuöflun, með jarðvarma, vatnsafl

og vindi, sé lykilforsenda þess að kolefnishlutleysi verði náð og stuðlað verði að líffræðilegum fjölbreytileika. Þá þarf að tryggja að stefna Íslands sé í samræmi við evrópskar áherslur í þessum málaflokki.

Með þessum áherslum telur Samorka að markmiðum stefnunnar verði betur náð, bæði til verndar náttúru Íslands og til að tryggja sjálfbæra þróun samfélagsins.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur